

Skaftárhreppur

28.11.2025

Mál nr.1460/2025

b.t. Óskar Örn Gunnarsson

sent á skipulagsgatt@skipulagsgatt.is

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi virkjunar í Hverfisfljóti

Inngangur

Skipulagsvinna Skaftárhrepps heldur áfram þrátt fyrir neikvætt umhverfismat Skipulagsstofnunar á fyrri stigum og niðurstöðu Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála árið 2023 um sama verkefni.

Landvernd lýsir vonbrigðum með að sveitarstjórn Skaftárhrepps horfist ekki í augu við þær afleiðingar sem framkvæmdir vegna áformaðrar Hnútuvirkjunar munu valda. Að leggja fram málið í formi grenndarkynningar nú, er furðulegt þar sem um er að ræða stórframkvæmd með virkjun sem hefur þegar fallið á víðtæku prófi. Til upprifjunar liggur fyrir álit Skipulagsstofnunar á fyrri stigum fráleitt er að grenndarkynning með breytingu á deiliskipulagi á umfangi virkjunarinnar muni breyta til um. En þrátt fyrir neikvætt álit Skipulagsstofnunar á heildaráhrifum virkjunar og úrskurð frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála árið 2023 er haldið áfram með skipulag Hnútuvirkjunar. Skaftárhreppur hefur ekki sýnt fram á að brýnir almannahagsmunir séu undir að virkja Hnútu. Ekki er raforðuskortur á svæðinu og framleiðsla á raforku frá Hnútuvirkjun mun ef af yrði fara sem áður inn á almenna raforðukerfið og hefur því ekkert að gera með styrkingu á raforðuöryggi í Skaftárhreppi.

Einstakt svæði með hátt verndargildi

Á fyrri stigum hefur niðurstaðan verið skýr. Skipulagsstofnun taldi í álitinu sínu vegna virkjunarinnar að ekki hefði verið sýnt fram á brýna nauðsyn fyrir röskun á Skaftáreldahrauni, þ.e. brýna almannahagsmunum, sbr. lögskýringargögn við 61. gr. náttúruverndarlaga.

Ekkert hefur breytt þeirri niðurstöðu. Stofnunin telur á grunni fyrri álits að í ljósi sérstöðu Skaftáreldahrauns verði að gera kröfu um að sýnt sé fram á það með afdráttarlausum hætti í skipulagsgerð vegna framkvæmdaáformanna og áður en kemur til leyfisveitinga að brýnir almannahagsmunir krefjist þess að svo einstökum náttúruundrum sé raskað. Þessum þáttum sem Skipulagsstofnun lagði fram í kröfu sinni hefur enn ekki verið svarað með viðeigandi rökum af hálfu sveitarfélagsins í nýju aðalskipulagi sveitarfélagsins sem var staðfest í síðastliðnum mánuði <https://island.is/s/skipulagsstofnun/frett/stadfesting-a-adalskipulagi-skaftarhrepps-2023-2043>. Í skipulaginu verður á engan hátt séð að sveitarfélaginu hafi tekist að sýna fram á rök við þeim spurningum sem voru ósvöruð frá úrskurði. Það eina sem sveitarfélagið leggur til er að viðhalda landnýtingarþætti frá því sem var að leggja til að viðhalda merkingu um iðnaðarsvæði á áformuðu virkjunarsvæði. Niðurstaða Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Við síðustu tilraun sveitarfélagsins að keyra þetta virkjunarverkefni í gegn með útgáfu framkvæmdaleyfis kvað Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, eins og áður segir, upp sinn úrskurð 11. janúar árið 2023 um að virkjunin stæðist m.a. ekki umhverfismat og voru margvíslegar aðrar athugasemdir settar fram af hálfu nefndarinnar af því tilefni, sjá hér úrskurðinn í heild <https://uua.is/urleits/58-2022-hnutuvirkjun/>.

Landvernd minnir á 13. gr. skipulagslaga og vísar til náttúruverndarlaga laga nr. 60/2013 í ljósi mjög mikils verndargildis svæðisins þar sem er fjallað um sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja. Sjá tilvitnun í úrskurð um þetta efni.

„Samkvæmt 4. mgr. 13. gr. skipulagslaga skal sveitarstjórn, við útgáfu framkvæmdaleyfis, ganga úr

skugga um að gætt hafi verið að ákvæðum laga um náttúruvernd og annarra laga og reglugerða sem við eiga. Í 61. gr. laga nr. 60/2013 er fjallað um sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja. Nær verndin m.a. til eldhrauna, gervígga og hraunhella sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma, sem og fossa og nánasta umhverfis þeirra að því leyti að sýn að þeim spillist ekki, sbr. 2. mgr. ákvæðisins, en í 3. mgr. er tiltekið að m.a. beri að forðast að raska jarðminjum sem taldar séu upp í 2. mgr. nema brýna nauðsyn beri til.”

Umhverfisáhrif og afleiðingar

Landvernd ítrekar að sú grenndarkynning hér með breytingu á framkvæmd við virkjunina sjálfa mun ekki breyta að neinu marki þeim miklu neikvæðu umhverfisafleiðingum sem Hnútuvirkjun mun leiða af sér á einstaka náttúru svæðisins. Í greinargerð með breytingunni sem liggur hjálagað með kortagrunni kemur meðal annars fram að núverandi áætlanir höfðu gert ráð fyrir 1 – 3 m hæð stíflu og yfirfalli en við endurskoðun hafi hins vegar niðurstaðan verið eftirfarandi: „Þess í stað er mannvirkið hærra en gert var ráð fyrir, eða um 10 m hátt og aðalýfirfall um 6 m hátt, mælt frá botni farvegjar“ Af þessu tilefni vill Landvernd minna á að jarðlög eru gljúp og lek og ef ætlun er að hækka mannvirki í þeim mæli sem hér um ræðir má leiða líkum að því að þau muni jafnframt taka á sig meira álag frá ársstraumi. Ber þá jafnframt að minna á að vegna þess hversu hraunið er veikt sem árfarvegur fellur um þá kann þessi breyting á mannvirkjum að valda svo auknu álagi að jarðlög og grunnfestur stíflumannvirkja gætu í ljósi veikleika jafnvel brostið undan þunga árinna. Nú hafa umsagnaraðilar ekki haldbær gögn til að byggja á, ásýndarmyndir eða þrívíddarteikningar af þessum áætluðu breytingum en í fljótu bragði verður ekki annað séð en verið sé að leggja til breytingar sem munu hafa stóraukin neikvæð ásýndaráhrif í för með sér amk með tilliti til hækkunar á mannvirkjum. Það sem Landvernd vill leggja hér til grundvallar umhverfisáhrifum er að vitna til fyrri álits Skipulagsstofnunar á framkvæmdinni. Ekkert í hjálagaðri grenndarkynningu breytir fyrri niðurstöðu Skipulagsstofnunar og tilraunir með svokallaða „virka aurskolun“ eru ekki líklegar til að breyta neinu þar um, enda fylgir þar ekki nánari lýsing á hvernig sú afmarkaða framkvæmd innan virkjunar eigi að virka né eru verkfræðilegar staðreyndar rannsóknir sem styðja við slíkar breytingar.

Niðurstaða Landverndar er að eftir standi sem áður að þrátt fyrir að framkvæmdin hafi á sínum tíma frá upphaflegri hugmynd verið færð niður að afli frá 15 MW niður í 9,3 MW þá komst Skipulagsstofnun að því, að lokinni frekari gagnaöflun, að þrátt fyrir minnkun í afli þá myndi hún hafa viðlíka neikvæð umhverfisáhrif. Afdráttarlausar niðurstöður Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum virkjunar í Hverfisfljóti, dags. 3. júlí 2020, þar sem framkvæmdin fær óumdeilanlega fallelkunn stendur. Það er því ekkert í þessari breytingu á deiliskipulagi sem er til grenndarkynningar sem hefur áhrif á það álit skipulagsstofnunar sem þegar liggur fyrir. Landvernd verður því að lýsa furðu á að sveitarfélagið Skaftárhreppur ásamt framkvæmdaaðila skuli leggja í þessa vegferð á grunni grenndarkynningar.

Sjá að öðru leyti óumdeilt álit Skipulagsstofnunar sem stendur nú sem áður óbreytt að mati Landverndar. „Að lokinni frekari gagnaöflun Skipulagsstofnunar lá álit stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar fyrir 3. júlí 2020. Í álitinu kemst hún að þeirri niðurstöðu að matsskýrslan uppfylli skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum. Er framkvæmdinni lýst þannig að hún feli í sér allt að 9,3 MW virkjun með 800 m langri og 1–3 metra hárra stíflu, 2,3 km langri þrýstipípu, um 6,6 km löngum aðkomuvegi, um 750 m² stöðvarhúsi og aðrennslis- og frárennslisskurðum. Er það m.a. niðurstaða stofnunarinnar að virkjunin muni hafa neikvæð áhrif á Skaftáreldahraun, sem hafi hátt verndargildi á lands- og heimsvísu og hafi umtalsverða sérstöðu. Jarðminjar á svæðinu njóti sérstakrar verndar á grundvelli 61. gr. laga um náttúruvernd, en ekki hafi verið sýnt fram á brýna nauðsyn fyrir röskun hraunsins. Fyrirhugaðar framkvæmdir muni hafa verulega neikvæð áhrif á jarðmyndanir, landslag og viðernisupplifun og talsverð neikvæð áhrif á ferðaþjónustu og útivist. Þá skírskotar Skipulagsstofnun til þess að allir virkjunarkostir 10 MW og stærri sæti heildstæðri greiningu og mati verkefnisstjórnar rammaáætlunar samkvæmt lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun. Þá er bent á að umfang virkjunarinnar sé að mestu sambærilegt fyrri áformum um 15 MW virkjun. Um sé að ræða framkvæmd sem að mati

stofnunarinnar muni hafa verulega neikvæð umhverfisáhrif og að tilefni hefði verið til að meta virkjunina með öðrum virkjunarkostum í rammaáætlun ”

Aðrar athugasemdir við greinargerð.

Í greinargerð kemur eftirfarandi fram. „Á svæðinu er nútímahraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. **Sveitarstjórn reiknaði hluta hrauns sem er sandorpið** og hefur að einhverju leyti tapað einkennum sem mynda verndargildi, samkvæmt útreikningum er 13,8 ha ýmist eyðihraunvist eða tún og akurlendi, sem er 13% þess lands sem raskast. Áhrif framkvæmda á nútímahraun eru engu að síður metin neikvæð. Umræddar breytingar draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdar. ” Í þessum kafla greinargerðar vekur óneitanlega athygli að vitnað er til að sveitarstjórn sjálf hafi tekið að sér rannsóknarhlutverk sem að venju samkvæmt er á höndum sérfræðinga. Þessi þáttur verður að teljast nýlunda hvað varðar meinta faglega nálgun við rannsóknir og mat á verndargildi svæðis. Landvernd metur það svo svo að hér hafi orðið mistök.

Heildrænt verndargildi

Öræfin frá Skaftá í vestri austur að Skeiðarárjökli eru lítt snortin og fáfarin víðerni. Svæðið er tiltölulega vel gróið, landslagið er fjölbreytt og margir staðir sem fáir hafa séð. Hér áttu Skaftáreldar, sögufrægasta gos Íslands, uppruna sinn á langri gossprungu Lakagíga. Svæðið er að hluta innan Vatnajökulsþjóðgarðs og mikilvægt jaðarsvæði hans.

Skaftáreldar (1783-4) höfðu mikil áhrif á vatnafarið á svæðinu, ekki síst á Skaftá og Hverfisfljót. Móðuharðindin sem fylgdu eldsumbrotum lögðust afar þungt á íslenska þjóð, drápu stóran hluta búsmala og höfðu áhrif á veðurfar og uppskeru víða um heim, jafnvel heimssöguna. Hverfisfljót er hluti af víðernisheild sem teygir sig frá Skaftá í vestri að Vatnajökli í austri og verði fljótinu spillt með virkjun, þýðir það að svæðinu sem heild verður einnig einnig spillt, m.a. víðernum í og við Vatnajökulsþjóðgarð.

Lokaorð

Ekkert í framlagðri grenndarkynningu fær breytt þeim staðreyndum sem liggja til grundvallar í máli þessu, náttúruspjöllin yrðu viðtæk og ófyrirséð með langtíma neikvæðum áhrifum á einstaka náttúru svæðisins og komandi kynslóðir. Stjórn Landverndar lítur þessar breytingar alvarlegum augum þar sem sú eyðilegging sem virkjunin mun valda á einstakri náttúru Skaftárhrepps yrði óafturkræf. Landvernd fer því vinsamlega þess á leit við sveitarfélagið að draga þessa breytingatillögu og láta af áformum um Hnútu virkjun.

Með vinsemd og virðingu
Framkvæmdastjóri Landverndar
Björg Eva Erlendsdóttir

